

Sp.

887. Tillaga til þingsályktunar

um að heimila ríkisstjórninni að kaupa síldarverksmiðjuna á Hesteyri.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að festa kaup á síldarverksmiðjunni á Hesteyri að undangengnu mati á henni og tilheyrandi mannvirkjum, enda náist samkomulag við núverandi eigendur verksmiðjunnar um kaupverðið.

Greinargerð.

Á Hesteyri var á árunum 1927—1940 starfrækt síldarverksmiðja, eða í samtals 14 ár. Eigandi hennar var hlutafélagið Kveldúlfur í Reykjavík. Nokkru eftir að það félag reisti síldarverksmiðju við Eyjafjörð hætti það starfrækslu Hesteyrarverksmiðjunnar.

Var það mikið áfall fyrir atvinnulíf Sléttuhreppsbúa, sem allan tímann, sem verksmiðjan var starfrækt, höfðu haft við hana mikla atvinnu.

Með tillögu þessari er lagt til, að ríkið kaupi Hesteyrarverksmiðjuna. Til þeirrar ráðstöfunar hníga gild rök. Nauðsyn ber til þess, að a. m. k. ein síldarverksmiðja sé starfrækt fyrir vestan Horn. Miklar síldargöngur eru oft út af Ströndum og í Ísafjarðardjúpi. Hentar þá mjög vel að hafa verksmiðju á Hesteyri.

Hesteyrarverksmiðjan afkastar 1300 mála bræðslu á sólarhring. Hún hefur þrær, sem taka allt að 50--60 þús. mál síldar.

Nánar í framsögu.